# Sala á eign

Sýnidæmi um sölu á prentara hjá Fjársýslu ríkisins, helstu forsendur.

**Eignanúmer** **342613**

Eignabók 2184 (stofnun 09103)

Fyrningardagsetning (tekin í notkun): 11.12.2015

| | |
|---|---|
| Bókfært verð: | 65.965 |
| Upphaflegt verð: | 92.043 |
| Uppsafnaðar afskriftir: | 26.078 |
| Söluverð | 60.000 |

Forskref í tengslum við færslur er að skrá söluna inná tegundalykill banka eða viðskiptamenn og skrá mótfærslu á 12593 Biðreikning vegna sölu.

| | 12xxx - Viðskiptamenn | | 12593 - Biðreikningur v. sölu | |
|---|---|---|---|---|
| **Forskref: Sala á eign bókuð í GL/AR** | 60.000 | | | 60.000 |

Næsta skref er að skrá söluna í FA Eignakerfið. Eignin sótt inná vinnusvæði eigna og valið „Úreldingar“. Fyllt í svæði viðeigandi upplýsingar, sbr. söluverð, tegund úreldingar og upplýsingar um söluna í athugasemd.

Úreldingardagur sem birtist í FA tekur mið af því afskriftatímabili sem er opið (kemur default), ef úrelding á að miðast fyrri mánuð, þarf að breyta úreldingardegi og miðast afskrift við það tímabil. Afskriftir eftir þann tíma bakfærast.




Smella á „Lokið“ og skráning á sölu hefur átt sér stað í FA Eignakerfinu í samræmi við úreldingardag og bókfærða stöðu eignar .

Í næstu keyrslu sem er í kringum 20. dags hvers mánaðar skilar FA Eignakerfið færslum í GL. Í þessu tilfelli er tap af sölu eignar og færist því á tegundalykill 5801, ef hagnaður er af sölu eignar færist hann á tegundalykil 481999 Sala annarra fastafjármuna.

Yfirlit yfir færslur sem bókast í GL eru eftirfarandi.

| | 12xxx - Viðskiptamenn | | 12593 - Biðreikningur v. sölu | | 18116 Eign | | 5801 -Tap af sölu eigna | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Forskref:** | | | | | | | | |
| Sala á eign bókuð í GL / AR | 60.000 | | | 60.000 | | | | |
| **FA Eignakerfi:** | | | | | | | | |
| Bókfært verð | | | | | 67.499 | | | |
| **Frágangsfærslur í FA:** | | | | | | | | |
| Upphaflegt verð bakfært | | | | | | 92.043 | | |
| Uppsöfnuð afskrift bakfærð | | | | | 24.544 | | | |
| Bókfært verð (mínus afskrift núverandi tímabils) | | | | | | | 67.499 | |
| Söluverð | | | | | | | | 60.000 |
| Færsla frá FA nettar út stöðu á biðreikningi. | | | 60.000 | | | | | |
| | **60.000** | **0** | **60.000** | **60.000** | **92.043** | **92.043** | **67.499** | **60.000** |